

HUGLEIÐING FRÁ FÉLAGSMANNI - um breytingar á barnaverndarlögum

Gerðar voru breytingar á barnaverndarlögum sem virðast í fyrstu lítilvægar, einskona umorðun. En þar sem Alþingi hefur lagt mikla vinnu í þessar smávægilegu breytingar hlýtur annað að liggja að baki. Líklegt má telja að það sé áherslubreyting sem gerir fleira saknæmt, eða eigi að vernda börn gegn fleiru en áður.

Minn skilningur er því sá að samkvæmt þessu geti verið saknæmt að svifta börn leyfi til að gera eitthvað ef þau eru baldin. T.d. vegna óhlýðni þeirra við umgengisreglur, truflun sem þau kynnu að valda í starfi og leik annarra barna og svo framvegis. Sem sagt þrengja uppeldisramma. Þessar greinar og breytingar fá mig til að hugleiða hver staða starfsfólks við barna og unglingastarf sé t.d. við þær aðstæður ef halda þarf aftur af

barni til að stöðva hegðun sem getur valdið öðrum börnum, því sjálfu eða starfsfólki skaða. Einnig þegar aga þarf einstaklinga sem eru óhlýðnir í starfi okkar og skemma með hegðun sinni skipulagt starf annarra barna og starfsmanna. Börn sem af slíku hafa verið sett á stól (skammarkrók) um stund eða þarf að fjarlægja frá öðrum stund og stund.

Sérstaklega verður mér hugsað til þeirra barna sem ítrekað haga sér svo. Teljast það ógnanir eða hótanir þegar börnum er meinuð þátttaka í dagskrárlögum vegna baldinnar hegðunar? Í Frístund höfum við dæmi þar sem tveir til þrjú starfsmenn þurfa að yfirgefa sinn vettvang til að kljást við eitt barn og þá njóta hin börnin ekki þess starf sem boðið var né sama eftirlits og leiðbeiningar.

Geta aðgerðir okkar í slíkum

tíffellum talist andlegt ofbeldi og hver er þá staða okkar gagnvart lögnum?

Hugleiðingar þessar eru fyrst og fremst vegna starfsmanna sem þurfa stundum að taka á erfiðleikum af þessum toga og geta verið í slyshættu og ef til vill í hættu á að brjóta þessi lög um leið.

Að þessu rituðu og bara almennt þurfum við og okkar starfsfólk að vera upplýst um þessi lög og önnur lög sem snerta starf okkar og ræða áhrif þeirra á það starf sem við vinnum.

Björn Finnsson
frístundaráðgjafi
Frístundamiðstöðinni Miðbergi.

1.gr og 99.gr, sem vitnað er í sjá á næstu blaðsíðu.

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur Félags fagfólks í frítímaþjónustu verður haldinn fimmtudaginn 28.maí kl. 16:30. Verður fundurinn haldinn á Veitingahúsinu Horninu við Hafnarstræti.

Dagskrá aðalfundar:

Venjuleg aðalfundarstörf. kosið til stjórnar, ársskýrsla og ársreikningar lagðir fyrir auk annarra mála. Kynntar verða endurskoðaðar siðareglur félagsins. Boðið er upp á léttar veitingar. Áætlað er að fundi

ljúki fyrir 19:00.

Að fundi loknum gefst félagsmönnum færi á að snæða kvöldverð á Horninu og taka upp umræðuþræði aðalfundar með óformlegum hætti.

Nýir félagar boðnir velkomnir

Í síðasta vefriti voru nýir félagar ársins boðnir formlega velkomnir í félagið. Enn berast umsóknir og þrjú nýir félagar hafa verið samþykktir:

Alda Mjöll Sveinsdóttir

Ívar Örn Gíslason

Þröstur Freyr Sigfússon

Bjóðum við þau velkomin í félagið. Nú eru 95 félagar komnir í félagið, en síðast var sagt að 94 væru skráðir en hið rétta er 95 með þeim þrem sem nú bættust við.



BREYTINGAR Á 1. OG 99. GR BARNVERNDARLAGA.**I. kafli. Markmið barnaverndarlaga o.fl.****■ 1. gr. Réttindi barna og skyldur foreldra.**

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju.

Breytt grein: Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annari vanvirðandi háttsemi.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

■ 99. gr. Brot gagnvart börnum.

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstígu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Breytt grein: Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.